



RIMASKÓLI

Skákin er minn styrkleiki

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs vegna verkefnis á skólaárinu 2016-2017

Skáklistin hefur jafnan verið talin ein af þjóðaríþróttum Íslendinga enda eiga Íslendingar flesta stórmeistara í skák í heiminum sé miðað við höfðatölu. Síðasta áratuginn hefur útbreiðsla skákarinnar innan grunnskólanna, bæði í Reykjavík og á landsbyggðinni, aukist mikið meðal annars með tilkomu Skákakademíu Reykjavíkur sem hefur sinnt skákkennslu innan skólanna. Skák er ekki bara skemmtileg afþreying heldur hefur einnig verið sýnt fram á að skákiðkun hefur mjög jákvæð áhrif á þá sem hana stunda. Í erlendum rannsóknum hefur komið fram að skákiðkun og góður námsárangur fara saman. Jafnframt hefur verið sýnt fram á að þeir nemendur sem kljást við einhverfu, ofvirkni, athyglisbrest og/eða lágt sjálfsmat og standa illa félagslega njóta góðs af því að stunda skák. (Dr.Badrie Mohammad Nour ElDaoua, 2014) (Hilario Blasco-Fontecillaa, 2015)

Skák hentar þessum nemendahóp einstaklega vel. Skákin er með mjög skýrar reglur og auk þess er hún einstaklingsíþrótt sem hentar vel börnum sem lesa illa í félagslegar aðstæður og eiga þess vegna erfitt með að taka þátt í hópíþróttum. Í skák læra þau að taka sjálf ábyrgð á þeim leikjum sem þau leika og þurfa því að standa og falla með eigin ákvörðunum.

Skák bætir m.a. rökhugsun, einbeitingu, þolinmæði, ákvarðanatöku og þá hæfni að sjá og hugsa fram í tímann.

Í skýrslu nefndar á vegum Menntamálaráðuneytisins frá árinu 2013, sem kallast *Skák eflir skóla* og fjallar um gildi skákkennslu í skólum, kemur eftirfarandi fram:

Það sem vakið hefur hvað mesta eftirtekt í rannsóknum seinni tíma á áhrifum skáklistarinnar í skólustarfi er hversu vel skákin hefur reynst félagslega og þá sem samfélagslegt tæki innan veggja skólans. Skákiðkun leiðir þannig saman ólíka hópa krakka með mismunandi bakgrunn sem að öðrum kosti leiða jafnan ekki saman hesta sína; skákin gefur mismunandi kynslóðum og árgöngum barna og ungmenna tækifæri til að kynnst og eiga samskipti og þappar saman ólíkum hópum nemenda sem að öðrum kosti hafa tilhneigingu til að einangrast frá hver öðrum. Þá virðist skákin ná vel til barna og ungmenna sem ekki endilega finna sig í hinum hefðbundna ramma skólans. Hvort heldur er um að ræða bráðger börn sem eiga sérlega auðvelt með að læra en þurfa á meira krefjandi verkefnum að halda, eða börn sem hafa greinst með athyglisbrest eða annars konar erfiðleika, þá virðast slík börn jafnvel með undraverðum hætti ná að tengjast bæði skáklistinni og öðru fólki í gegnum skák. Eitt endurtekið þema í þessu samhengi er skákin sem tungumál sem öllum reynist auðvelt að læra og tjá sig á.

Á þessum forsendum var lagt upp í verkefnið *Skákin er minn styrkleiki* í Rimaskóla, með aðstoð Sprotasjóðs. Hugmyndin var að bjóða upp á skák fyrir nemendur sem kljást við ýmist einhverfu, ADHD, almenna öðrugleika í námi og/eða stóðu höllum fæti félagslega með það að markmiði að sú þekking sem fæst af skákiðkun nýttist þeim til góðs bæði í námi og í lífinu sjálfu.

Nafn skóla: Rimaskóli

Nafn verkefnisins: Skákin er minn styrkleiki

Nafn verkefnisstjóra: Helgi Árnason / Björn Ívar Karlsson

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: Skólaárið 2016-2017

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn: Að geta sýnt og sannað að með markvissri og fjölbeyttri kennslu og þjálfun geti skákin aukið sjálfstraust og ánægju nemenda með náms- og einbeitingarerefiðleika í skóla að ná árangri í stærðfræði og raungreinum. Hægt verði að sanna og skilgreina markmið verkefnisins með samantekt á niðurstöðum og fræðslu sem aðrir skólar gætu nýtt sér með sama hætti. Skólinn hafi þá í höndunum bitastæðar tillögur og úrræði á sviði skáklistarinnar.



Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Skákkennsla fór fram í Rimaskóla. Leitað var til umsjónakennara skólans og þeir stungu upp á nemendum sem gætu komið til greina í verkefnið. Ákveðið var að kennslan færi fram með fjölbreyttum hætti, svo sem í hópatímum, einkakennslu, í tölvutímum (þar sem hægt væri að nota tölvuforrit til skákiðkunar) og með þátttöku á skákmótum. Settir voru saman misstórir hópar, eftir því hvað var talið henta best hverju sinni. Í sumum tilvikum fengu nemendur einstaklingskennslu þegar talið var að það kæmi betur út heldur en hópatímar, vegna takmarkaðrar einbeitingar nemenda. Margir þeirra nemenda sem sóttu skáktímana hafa þurft

að kljást við skort á einbeitingu, m.a. vegna athyglisbrests, einhverfu eða annars. Kennslan fólst meðal annars í stuttum og hnitmiðuðum innlögnum með mörgum endurtekningum. Hluti kennslunar fór fram með notkun skákforrita í tölvum en kennsla með tölvubúnaði var talin henta þessum nemendahóp vel. Nemendur juku við þjálfun sína með því að tefla við samnemendur en einnig með því að tefla við andstæðinga úti í heimi í gegnum netið. Nemendur fengu einnig verkefni til úrlausnar á blöðum, sem þeir þurftu að /leysa án notkunar taflborðs. Var þetta talið auka ímyndunarafli nemenda og hæfni þeirra til þess að sjá fyrir sér ólík atvik og mynstur í huganum. Þegar leið á skólaárið höfðu nemendur verkefnisins fengið góðan grunn í skákinni. Á þeim tímapunkti var samnemendum þeirra boðið að taka þátt í skáktímunum sem hafði mjög skemmtileg og jákvæð áhrif sem getið er um neðar í skýrslunni.



Frávik miðað við áætlun verkefnisins:

Verkefnið gekk í alla staði eins og áætlanir stóðu til um.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Ekki komu upp margar hindranir við vinnu verkefnisins. Fyrirfram var þó talið ljóst að skákkennslan yrði meira krefjandi í þessum nemendahóp heldur en í öðrum. Það kom á daginn og krafðist enn frekari endurtekninga á námsefninu. Þetta setti þó ekki stórt strik í reikninginn.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu:

Skákáhugi hefur aukist til muna. Ekki bara hjá þeim nemendum sem tóku þátt í verkefninu heldur einnig hjá öðrum nemendum skólans sem sóttust mjög eftir því að fá líka að taka þátt í þessu skemmtilega verkefni. Margir af þeim nemendum sem tóku þátt í verkefninu eru farnir að æfa skák utan skóla. Það er því ljóst að áframhaldandi skákstarf meðal nemenda Rimaskóla verður ánægjulegt.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Á heildina litið gekk framkvæmd verkefnisins afar vel. Skákin hafði mjög góð áhrif á þá nemendur sem hana sóttu. Margir af þeim nemendum sem tóku þátt í verkefninu fengu svo mikinn áhuga á skákinni að þeir fóru að æfa skák utan skóla, eins og áður var nefnt. Það má fullyrða að skákiðkunin hafði mjög góð áhrif á hegðun, sjálfstraust og félagslega stöðu nemenda. Þessi atriði nýtast þeim á góðan hátt í náminu og koma til með að gera það áfram enda munu þessir nemendur vonandi búa að skákþekkingunni um komandi framtíð. Nemendur verkefnisins tóku merkjanlegum framförum í náminu sem hægt var að leggja mat í lok skólaársins. Framfarirnar fólust að mestu leyti í auknum vilja til þess að vinna verkefni í skólanum og aukinni getu í stærðfræði. Nánar má lesa um niðurstöðurnar síðar í skýrslunni. Rimaskóli mun áfram bjóða upp á skák í skólanum fyrir sína nemendur og hvetja þá einnig og virkja í skák utan skóla í samstarfi við Skákdeild Fjölnis.



Niðurstöður verkefnisins:

Eins og nefnt er hér að ofan var lagt upp með að kynna ákveðinn nemendahóp fyrir skák á fjölbreyttan hátt með það að markmiði að skákiðkunin hefði jákvæð áhrif á meðal annars námsárangur, sjálfstraust og félagslegan styrk nemendanna. Eftirtalin atriði sem komu fram í verkefninu sýna fram á að þetta gekk eftir:

- Nokkrir nemendur eins árgangs sóttu skáktíma vikulega frá byrjun verkefnisins. Þeir eiga það sameiginlegt að kljást ýmist við ofvirkni og/eða athyglisbrest, tornæmi, einhverfu og/eða standa illa félagslega að því leyti að þeir fundu sig ekki í félagsstarfi og íþróttum og höfðu margir lágt sjálfsálit vegna þess. Þegar leið á skólaárið höfðu þessir nemendur fengið góðan grunn í skákinni og voru farnir að sækja skákæfingar utan skóla og tefla á skákmótum. Á þeim tímapunkti var öðrum samnemendum þeirra og bekkjarfélögum, sem ekki höfðu áður komið í skáktíma, boðið að taka þátt í skáktímum með þeim. Af þessu leiddi að skyndilega stóðu nemendur verkefnisins frammi fyrir því að vera „sterkustu“ skákmenn hópsins og sterkari en bekkjarfélagar sínir. Þeim var gefinn kostur á því að nýta sér þessa yfirburði til þess að leibeina félögum sínum í skáktímum, kenna þeim eitthvað af því sem þeir höfðu lært og þetta hafði frábær áhrif á sjálfstraust þeirra.
- Þeir nemendur sem tóku þátt í verkefninu sýndu miklar framfarir þegar kom að einbeitingu. Það getur tekið á að sitja löngum stundum við taflborðið, sérstaklega fyrir þá sem kljást við ofvirkni og athyglisbrest. Þegar leið á skólaárið gekk þessum nemendum betur og betur að halda einbeitingu og sýndu jafnframt af sér skipulagðari og markvissari vinnubrögð við úrlausn verkefna.
- Umsjónarkennarar nemendanna hafa tekið eftir almennum framförum hjá þeim í náminu. Þeir eru viljugri til þess að vinna verkefni og hafa sýnt framfarir í stærðfræði.
- Hluti þeirra nemenda sem tók þátt í verkefninu fór á miðju skólaári að æfa skák utan skóla. Þetta var eitthvað sem ekki var lagt upp með í upphafi verkefnisins og var því óvænt ánægja. Þessir nemendur hafa náð góðum árangri á þessum skákæfingum og standa sig ekki síður en aðrir sem þær sækja.
- Margir af þeim nemendum sem sóttu verkefnið hafa nú skákina sem áhugamál sem þeir sinna heima. Einhverjir hafa talað um að þeir tefli nú heima, t.d. við foreldra sína, aðra ættingja og vini. Einnig eru nemendur farnir að sækjast eftir því að fá að tefla í frjálsum tíma í bekkjarstofum sínum eða þegar tími gefst svo skákáhugi hefur aukist til muna.
- Nokkrir af þeim nemendum sem tóku þátt í verkefninu eru farnir að nota þann tíma sem þeim býðst í tölvunotkun heima hjá sér til þess að tefla og gera skákæfingar á netinu. Þetta taka þeir m.a. fram yfir tölvuleiki.

Skákkennsla heldur áfram á komandi skólaári í Rimaskóla. Þeir nemendur sem tóku þátt í verkefninu verða hvattir til þess að halda skákiðkun áfram enda bendir hinn mikli skákáhugi þeirra til þess að það verði auðsótt.



Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Fyrirhugað er að kynna niðurstöður verkefnisins, kennsluaðferðir og þær leiðir sem voru valdar til þess að ná markmiðum, fyrir þeim skákkennurum sem starfa á landinu. Mun þetta verða gert með fyrirlestri á fundi Félags skákkennara en einnig með greinargerð sem birt verður á vefnum og ætti því jafnframt að nýtast öðrum skákkennurum á landsbyggðinni. Rimaskóli er auk þess tilbúinn til þess að veita öðrum skólum ráðgjöf og leiðsögn um skákkennslu á þann hátt sem unnið var með í verkefninu.

Dagsetning: 06/06/17

Björn Guðmundsson

Undirskrift verkefnisstjóra

Helga Arnarsdóttir

Undirskrift skólustjóra ábyrgðarskóla



Heimildir

- Dr.Badrie Mohammad Nour ElDaoua, S. I.-S. (2014). *The Effect Of Playing Chess On The Concentration Of ADHD Students In The 2nd Cycle*. Dubai: Procedia - Social and Behavioral Sciences 192 (2015) 638 – 643.
- Hilario Blasco-Fontecillaa, b. M.-P.-L.-C.-M.-M.-P. (2015). *Efficacy of chess training for the treatment of ADHD: A prospective, open label study*. Madrid: Revista de Psiquiatría y Salud Mental.
- Menntamálaráðuneytið. (2013). *Skák eflir skóla*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.